

Mánudaginn 05.03.2012 kl 12:00 var haldinn 2. fundur starfshóps sem sveitarstjórn Húnaþings vestra skipaði á fundi sínum þann 12. janúar sl. um samþykktir og stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags.

Dagskrá:

1. Störf formanns frá síðasta fundi.
2. Reglugerðir og samþykktir
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Leó Örn Þorleifsson, oddviti sett fund. Fór hann yfir það sem búið er að gera frá síðasta fundi. Haft hefur verið samband við Jón Ívar Hermannsson vegna skoðunar á heimasíðu sveitarfélagsins. Jafnframt sagðist hann vera búinn að hafa samband við Odd Jónsson hjá KPMG varðandi ráðgjafapjónustu fyrir nefndina, fyrirhugaðir eru fundir með þeim í næstu viku. Haft var samband við Innanríkisráðuneytið til að kanna stöðu mála vegna útgáfu laga og reglugerða vegna málefna sveitarfélaga. Rætt um hugmyndir um gerð og útlit heimasíðunnar.
2. Farið yfir samþykktir og reglugerðir. Samþykkt að vísa fjallskilareglugerðum til endurskoðunar landbúnaðarráðs. Reglum um heimilishjálp, reglugerð um niðurgreiðslu dagmæðra, reglum um fjárhagsaðstoð, reglum um úthlutun íbúða í Nestúni 2-6, umgengnisreglum fjölbýlishúsa Húnaþings vestra til endurskoðunar félagsmálaráðs. Reglum um hitaveitur, samþykkt um fráveitur, samþykkt um rotþrær og siturlagnir til endurskoðunar forstöðumanns tæknideildar. Reglur um umferð í þéttbýli í Húnaþingi vestra og reglur um smáhýsi á íbúðarhúsalóðum til endurskoðunar skipulags- og umhverfisráðs. Forstöðumanni tæknideildar falið að kanna hvort þörf er á breytingu aðalskipulags vegna sameiningar sveitarfélaganna. Starfsmönnum skrifstofu sveitarfélagsins falið að fara yfir eyðublöð með tilliti til sameiningar.
3. Samþykkt að næsti fundur nefndarinnar verður mánudaginn 19. mars n.k. kl. 12:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:40